

Ársskýrsla Menntaskólans við Hamrahlíð fyrir árið 2014

Nemendur

Fjöldi dagskólanemenda var í byrjun vorannar 1183, þar af voru 101 nýinnritaður. Á haustönn voru samsvarandi tölur 1217 og liðlega 315. Skráðir nemendur öldungadeildar voru 104 á vorönn og 51 á haustönn. Alls voru brautskráðir 245 stúdentar á árinu, 170 í maí og 75 í desember. Nokkuð er um að nemendur hverfi frá námi án þess að ljúka viðkomandi önn, samtals 55 nemendur samtals á árinu en af þeim voru 26 sem hugðust hefja nám í öðrum framhaldsskóla á næstu önn. Ennfremur er nokkuð um að nemendur skrái sig úr einstökum áföngum inni á miðri önn. Í heildina var hlutfall eininga sem nemendur gengu til prófs í af skráðum einingum við upphaf annar 91,6 % á vorönn og 93,9 % á haustönn. Nærtækt er að ætla að þriggja vikna verkfall kennara á vorönninni hafi þarna haft tölverð áhrif. Nánari uppýsingar um brottfall er að finna í sjálfsamatsskýrslu fyrir 2014.

Námsbrautir

Í skólanum býðost nám á eftirtöldum námsbrautum: IB – námsbraut, félagsfræðabraut, listdansbraut, málabraud, náttúrufræðibraut, opinni braut, sérnámsbraut og tónlistarbraut. Tónlistarbrautin var stofnuð sem sérstök braut haustið 2013 en bæði hún og listdansbrautin eru starfræktaðar í samvinnu við sérskóla sem annast sjálfa tónlistar- og danskennsluna. Opna brautin var stofnuð haustið 2012 samhliða nýjum útgáfum hefðbundnu stúdentsbrautanna þ.e. félagsfræðabrautar, málabrautar og náttúrufræðibrautar. Sérnámsbrautin, sem stofnað var til 2011, flokkast sem starfsbraut 2 og er eina námsbraut skólans sem ekki lýkur með stúdentsprófi. Í árslok 2014 var hafist handa með undirbúning sérstakrar hraðferðarútgáfu af opnu brautinni sem innritað verður á í fyrsta skipti haustið 2015. Skipulag brautarinnar miðast við að auðvelda nemendum að ljúka náminu á þremur árum.

Kennsla og stjórnun

Fjöldi þeirra sem önnuðust kennslu voru 85 á vorönn og 88 á haustönn, langflestir í fullu starfi. Auk þeirra voru fjórir kennarar í námsleyfi á vorönn og einn á haustönn. Meirihluti kennara hefur lokið meistaragráðu og 5 eru með doktorspróf. Vikulegur kennslustundafjöldi í dagskóla var í námunda við 1800. Yfirstjórn skólans mynda rektor, konrektor og áfangastjóri ásamt fjármálastjóra. Námsgreinar og tilheyrandi kennarar skiptast í þrjár deildir sem eru deild erlendra tungumála, deild samfélagsfræða (félagsfræðagreinar, íslenska og saga) og deild náttúrufræða (raungreinar og stærðfræði). Forsvarsmenn þessara deilda kallast námstjórar og eru þeir í 50% starfi við stjórnun. Aðrir millistjórnendur (í hlutastörfum sem slíkir) á kennslusviði eru IB- stallari, umsjónarmaður sérnámsbrautar og öldungadeildarstjóri. Almenna afgreiðslu á skrifstofu og bókhaldsstörf annast tveir starfsmenn í samtals 1½ stöðugildi, námsráðgjafar eru þrír í samtals 2,6 stöðugildum og bókasafnsfræðingar eru tveir í 1,8 stöðugildum. Þrír starfsmenn annast umsjón húss, tölву- og tæknimál og matráður sér um mótneyti starfsfólks. Ellefu manns vinna við ræstingar í u.p.b. 7 stöðugildum.

Fáein áherslumál

1. Námskrá. Unnið var að endurskoðun og samhæfingu námsbrautar í listdansi Gerð voru drög að nýrri útgáfu brautarinnar þar sem kjarni og einingafjöldi brautarinnar var samhæfður að hluta öðrum brautum auk þess sem kjarni opinnað brautar og tónlistarbrautar var hafður til viðmiðunar. Innritun á listdansbraut fyrir haustönn 2014 var samkvæmt þessari nýju útgáfu. Þess ber þó að geta þess að listdanskólarnir þrír eru mislangt á veg komnir með yfirlæsingar áfanga í nýja

námskrá. Ennfremur var unnið að skipulagningu þriggja ára hraðbrautar í samræmi við áform ráðuneytis um að taka upp þriggja ára stúdentspróf í áföngum. Gert var áatak í innfærslu áfanga í námskrárgrunn ráðuneytis og er nú stærsti hluti áfanga kominn þar inn. Stefnt er að því að senda allar brautir nýrrar námskrár af stað í umsagna- og staðfestingarferli á vorönn 2015. Loks má nefna að ákveðið var að hverfa frá áformum um að sjálfstætt lokaverkefni yrði skylda á öllum stúdentsprófsbrautum en þess í stað verður valkvætt fyrir nemendur að taka slíkt verkefni.

2. Aðgerðir gegn brottfalli. Á haustönninn var skimunapróf lagt fyrir nýnema Menntaskólans við Hamrahlið en skimun þessi er hluti af almennum aðgerðum Mennta- og menningarmálaráðuneytis til að sporna gegn brotthvarfi. Tilgangur skimunaprófsins er m.a. að greina hvaða nemendur eru í brotthvarfshættu og í framhaldinu auðvelda skólanum að takast á við brotthvarf. Skimunaprófið, sem kallast *Mat á námsumhverfi framhaldsskóla*, er rafrænn spurningalisti sem metur styrkleika og veikleika nemenda og námsumhverfi þeirra. Það var þróað fyrir náms-og starfsráðgjafa í framhaldsskólum til að auðvelda þeim að skilgreina nýnema í brotthvarfshættu út frá þekktum áhættubáttum – sjá nánari umfjöllun í sjálfsmatsskýrslu. Niðurstöðurnar verða nýttar til sérstaks stuðnings af hálfu námsráðgjafa við nemendur sem greinast í hvað mestri brotthvarfshættu.
3. Umhverfismál. Skólinn hefur sett sér það markmið að verða svokallaður Grænfánaskóli sem felur í sér alþjóðlega umhverfisviðurkenningu. Til að svo megi verða þarf að: 1) Bæta umhverfi skólans, minnka úrgang og notkun á vatni og orku. 2) Efla samfélagskennd innan skólans. 3) Auka umhverfisvitund með menntun og verkefnum innan kennslustofu og utan. 4) Styrkja lýðræðisleg vinnubrögð við stjórnun skólans þegar teknar eru ákváðanir sem varða nemendur. 5) Veita nemendum menntun og færni til að takast á við umhverfismál. 6) Efla alþjóðlega samkennd og tungumálakunnáttu. 7) Tengja skólann við samfélag sitt, fyrirtæki og almenning. Meðal þess sem áunnist hefur árið 2014 og er öllum sýnilegt er bygging hjólaskýlis við skólann og innleiðing sorpflokkunar.

Fjármál

Heildarútgjöld skólans 2014 voru 1052,7 millj. kr. sem var 10,9 millj. kr. undir tekjum eins og þær birtast í uppgöri ársins. Því batnaði (uppsöfnuð) rekstrarstaða skólans á árinu sem nemur þessari fjárhæð, þ.e. staðan í árslok breyttist úr 12,8 millj. kr. í 23,7 millj. kr. Áætlun fyrir 2015 gerir ráð fyrir að rekstur innan ársins verði í jafnvægi, þ.e. aðeins 0,2 – 0,3% mun tekna og útgjalda.

Samstarf út á við

Sem fyrr hefur skólinn samvinnu við Dansmennt ehf., Danslistarskóla JSB og Klassíkska listdansskólann vegna listdansnáms á framhaldsskólastigi. Þjónustusamningur við hvern og einn skóla kveðjur á um að MH kaupi kennslu í sérgreinum miðað við tiltekinn nemendafjölda að hámarki. Fyrir tilstuðlan mennta- og menningarmálaráðuneytisins voru í árslok lögð drög að því að fjórði skólinn bætist í þetta samstarf á næsta ári; Brynballett akademían ehf. í Reykjavík, án þess þó að um fjölgun ársnemenda verði að ræða en þeir hafa verið 79 í allmögum ár. Þá á skólinn í viðvarandi samstarfi við Agnebergsgymnasiet í Uddevalla í Svíþjóð um gagnkvæm nemendaskipti vegna sánsku kennslu og nýtur verkefnið styrks ár hvert frá sánsku sendiráðinu. Samstarf við Kofúsíusarstofnunina Norðurljós við Háskóla Íslands um kínversku kennslu hefur staðið frá árinu 2011 og gengur út á að stofnunin leggur skólanum til kínverskuennara gegn endurgjaldi sem fer eftir nemendafjölda. Það gerir kleift að halda úti kínversku kennslu í MH þótt um fáa nemendur sé að ræða.


Ennfremur er samvinna við nokkra grunnskóla (Hlíðaskóla, Austurbæjarskóla, Hagaskóla og Ingunnarskóla) um að nemendur þeirra taki byrjunaráfanga í MH sem valgrein í 10. belkk, einkum í stærðfræði og ensku. Grunnskólarnir sjá alfarið um kennsluna og nemendurnir taka próf í viðkomandi

áfanga MH á prófatíma í maí. Loks skal getið samvinnu við *Atvinna með stuðningi* hjá Vinnumálastofnun um starfsþjálfun nemenda á sérnámsbraut, þ.e. aðlögun þeirra að vinnumarkaði. Verkefnið fór af stað á skólaárinu 2012 – 2013.

Öldungadeild lokað

Síðari hluta ársins kunngerðu yfirvöld að lagðar yrðu af fjárveitingar til þeirra sem leggja stund á nám til stúdentsprófs og hafa náð 25 ára aldri. Þessi ákvörðun til viðbótar þverrandi aðsókn að deildinni gerðu að verkum að einsýnt var að hætta yrði rekstri öldungadeilda skólans í árslok 2014. Sögu öldungadeildarinnar má rekja til ársbyrjunar 1972 en fyrsta kennslustund deildarinnar var 17. janúar það ár. Þetta var fyrsta tilraun íslenska skólakerfisins til þess að bjóða fullorðnu fólk uppi á aðra leið til stúdentspófs en þá eina að vera við hlið unglingsanna í hefðbundu 4 ára menntaskólanámi sem stundað var á daginn. Frumkvæðið átti Guðmundur Arnlaugsson þáverandi rektor MH sem fékk heimild ráðherra og ráðuneytisstjóra menntamála til þess að gerð yrði tilraun með, eins og sagði gamalli auglýsingi, ... *námskeið fyrir fólk sem hefur áhuga á að ljúka stúdentsprófi án setu i menntaskóla....* Guðmundur sagðist sjálfur hafa gert ráð fyrir 50-60 manns en reyndin varð sú að hátt á þriðja hundrað brugðust við auglýsingum skólans. Þessa fyrstu önn voru kenndir byrjunaráfangar í íslensku, dönsku, ensku, þýsku, efnafræði og stærðfræði. Þegar fjölmennast var í öldungadeildinni á 9. áratugunum komst nemendafjöldi yfir 700. Á árunum kringum aldamótin voru nálægt 500 nemendur í deildinni hverju sinni en fljótegla eftir það fækkaði nemendum smárm saman og nú undir lokin, haustið 2014, voru nemendur aðeins taldir í tugum í stað hundraða áður.

MH, 9. nóvember 2014


Lárus H. Bjarnason

Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna: MH er skóli með yfir 1300 nemendum og liðlega 120 starfsmönnum í 10.000 fermetra húsnæði. Áætlaðir ársnemendur samkvæmt fjárlögum 2014 voru 1215.

Námsframboð: Skólinn starfar eftir áfangakerfi. Starfræktar eru eftirfarandi brautir við skólann skv. Aðalnámskrá 1999: Félagsfræðabraut, málabraut, náttúrufræðabraut og listdansbraut til stúdentsprófs. Samkvæmt sérstakri námskrá International Baccalaureate Organisation og heimild menntamálaráðherra frá 1997: IB-námsbraut, þ.e. nám til samræmds alþjóðlegs stúdentsprófs. Þá er starfsbraut /sérnámsbraut við skólann með vísan framhaldsskólalaga og laga um málefni fatlaðra. Ennfremur eru starfræktar ný félagsfræðabraut, málabraut, náttúrufræðibraut, opin braut, tónlistarbraut og listdansbraut skv. sérstöku tilraunaleyfi mennta- og menningarmálaráðherra frá 2012, 2013 og 2014.

Framkvæmd markmiða. Markmið um áframhald innleiðingar á aðalnámskrá 2011náðist að því leyti sem gengið var út frá á árinu, unnið var gegn brottafalli með því að skólinn gerðist aðili að sameiginlegu (skimunari)verkefni til að bera kennsl á nemendur í brottafallshættu en á hinn bóginn mældist brottafall á mælikvarða heildareininga til prófs meira en sett markmið gerði ráð fyrir, stigin voru skref í átt að grænafána og markmið um að eiga a.m.k. 1% rekstarafgang náðist.

Umbótaþættir eftir sjálfsmat: Í sjálfsmatsskýrslu 2013 var sett fram umbótaáætlun í 10 liðum fyrir árið 2014 og var henni fylgt eftir föngum. Segja má að 8 markmiðanna hafi náðst þ.e. önnur en þau sem lutu að námskrárgrunni og nýtingarhlutfalli.

Úttektir: Engin úttekt var gerð á árinu.

Afkoma, rekstrarstaða: Rekstrarniðurstaða ársins var jákvæð um 10,9 millj. kr. Heildarútgjöld voru 1052,7 millj. kr. Uppsafernaður rekstrarafgangur í árslok 2013 nam 23,7 millj. kr.

Brottafall: Mismunur á skráðum heildareiningafjölda nemenda í annarbyrjun og þeim einingafjölda sem lokið er var í dagskóla um 8,4 % á vorönn og 6,1 % á haustönn.

Stjórnun: Auk skólameistara Lárusar H. Bjarnasonar er aðstoðarskólameistari Sigurborg Matthíasdóttir, áfangastjóri Guðlaugur Pálmi Magnússon, fjármálastjóri Sólrún Jóna Böðvarsdóttir, þrír deildarstjórar/námstjórar, öldungadeildarstjóri, deildarstjóri IB náms og deildarstjóri sérnámsbrautar.

Samvinna við aðra:

Samstarfsskólar varðandi listdans eru Dansmennt ehf., Danslistarskóli JSB, Klassískí listdansskólinn og Brynballett akademína ehf, varðandi sáenskukenndlu Agnebergsgymnasiet Uddevalla í Svíþjóð, varðandi kínverskukenndlu Konfúsíusarstofnunin Norðurljós við HÍ, varðandi framhaldsskólaáfanga grunnskólanema Hlíðaskóli, Austurbæjarskóli, Hagaskóli og Ingunnarskóli, varðandi starfsbjálfun sérnámsbrautarnema Vinnumálastofnun.

Sérstakar áherslur/sérsvið skólans: Undirbúningur fyrir háskólanám, ríkulegt val nemenda, umsjón með norsku- og sáenskukenndlu á framhaldsskólastigi, alþjóðleg námsbraut, kjarnaskóli í listdansi, Hamrahlíðarkórinn.